



Þetta verk samanstendur af fötum Steingríms J. Sigfússonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

## Samtímalist í allri sinni fjölbreytni



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

Sýningin Abrakadabra – Töfrar samtímalistar, stendur yfir í Hafnarhúsinu. Hún er ætluð ungu fólki og öllum þeim sem vilja upplifa og kynnast samtímalist.

kolbrunb@frettabladid.is

Verkin eru öll nýleg úr safneigninni og eru eftir 30 listamenn. Heiti sýningarinnar vísar í gamalt töfraorð og þýðir: „Það sem ég segi verður að veruleika.“

„Hér er verið að sýna hvað samtímalist getur verið í allri sinni fjölbreytni. Þetta er sýning sem kemur sérstaklega til móts við þá sem eru feimnir við samtímalist eða vita ekki hvað hún er, sem og til byrjenda og ungs fólks sem hefur áhuga á að kynna sér samtímalist,“ segir Áslaug Guðrúnardóttir, kynningar- og markaðsstjóri safnsins.

Axel Hallkell Jóhannesson hönnuður hannaði umgjörð sýningarinnar og veggj sem eru hér og þar í sýningarsölunum, með litlum gluggum og hugtökum úr myndlist, eins og: efniskennnd – innsetning – staðbundin verk – blönduð tækni.

„Það er mjög gaman að skoða þessa sýningu og velta fyrir sér hlutum eins og: Hvað er skulptúr? Hvenær hættir málverk að vera málverk og verður skulptúr? Hver er munurinn á teikningu og málverki eða skulptúr og innsetningu?“ segir Áslaug.

### Föt Steingríms

Hún segir eitt af uppáhaldsverkum sínum á sýningunni vera Gerðið eftir Steingrím Eyfjörð. Verkið var sýnt á Feneyjatvíæringnum árið 2007.



Þetta er sýning sem kemur sérstaklega til móts við þá sem eru feimnir við samtímalist eða vita ekki hvað hún er, sem og til byrjenda og ungs fólks.

„Það fjallar um huldukind og þar er gerði, jata og dallur fyrir kindina, allt smíðað eftir forskrift huldubónða sem listamaðurinn komst í samband við í gegnum miðil. Gestir vita ekki hvar huldukindin er, hvort er hún inni í gerðinu, einhvers staðar inni í safninu eða úti,“ segir Áslaug.

Hún nefnir einnig hugmynda- ríkt listaverk eftir Ólaf Svein Gíslason, Þjóðarsál, sem samanstendur af fötum Steingríms J. Sigfússonar. „Listamaðurinn hafði samband við Steingrím og fékk föt af honum frá því hann var fjármálaráðherra í hruninu, spretti fötunum í sundur og saumaði þau síðan saman þannig að þau urðu ein heild, eitt verk, ein mynd.“

### Straumur skólakrakka

Safnið fékk styrk úr Barnamenn- ingarsjóði til að vinna efni á sér- staka Abrakadabra-síðu sem verður

á heimasíðu safnsins. „Þar verður orðabók um samtímalist og í framtíðinni verður hægt að senda þar inn spurningar, líkt og gert er á vísinda- vefnum,“ segir Áslaug. „Einnig er verið að vinna vídeó fyrir síðuna og er það listamaðurinn Krassasig sem á veg og vanda af þeim í samvinnu við ungt fólk.“

Stríður straumur skólakrakka kemur á sýninguna ásamt kenn- urum sínum. „Þeim finnst hún for- vitnileg. Eitt verk er þannig að ef maður flautar þá pípa á mann lykka- kippur. Hægt er að klifra upp á verk eftir Katrínu Sigurðardóttur og kíkja ofan í kassa og þá sér maður hulinn heim sem aðeins einn getur notið í einu. Verk eftir Hrafnhildi Arnar- dóttur/Shoplifter er loðinn hellir sem er eins og snjóhús í laginu og hægt er að fara inn í. Börn elska að komast í námunda við listaverk eins og þessi.“

Það er mjög gaman að skoða þessa sýningu, segir Áslaug.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR